



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health

**FTI** Félag  
talmeinafræðinga  
á Íslandi

## FAGLEGAR LÁGMARKSKRÖFUR

Samkvæmt lögum um landlækni nr 41/2007, 6. grein

### Sjálfstætt starfandi talmeinafræðingar

<b>Flokkur heilbrigðisþjónustu</b>	Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna.
<b>Tegund þjónustu</b>	<b>Talmeinaþjónusta/talþjálfun</b> Talmeinafræðingar sinna greiningu á tal- og málmeinum og kyngingartregðu. Þeir skipuleggja og veita viðeigandi meðferð í samræmi við greiningu. Þeir veita einnig ráðgjöf og fræðslu og vinna í nánú samstarfi við kennara, lækna og aðrar uppeldis- og heilbrigðisstéttir. Skjólstæðingar eru á öllum aldri, allt frá ungbörnum til aldraðra.
<b>Samskipti við sjúklinga</b>	Talmeinafræðingar starfa samkvæmt siðareglum talmeinafræðinga, lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og reglugerð um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi nr. 1125/2012 eftir því sem við á. Talmeinafræðingar skulu sýna skjólstæðingum sínum virðingu og trúnað og upplýsa þá um réttindi þeirra og gæta þagnarskyldu.

<b>Skráning</b>	Talmeinafræðingar skulu færa sjúkraskrá samkvæmt lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009, lágmarkskröfum landlæknis, 6gr. Reglugerðar nr. 1125/2012 um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og fylgja lögum og reglugerðum um persónugreinanlegar upplýsingar. Varðveisla sjúkragagna, hvort sem er á rafrænu formi eða pappírformi, og eyðing þeirra skal vera í samræmi við lög, reglugerðir og tilmæli landlæknis.
-----------------	---

<b>Símenntun</b>	Talmeinafræðingum ber að viðhalda faglegri þekkingu sinni og færni með því að sækja námskeið, ráðstefnur, faglega fundi og annað sem tengist endurmenntun og nýjungum í starfi, í samræmi við siðareglur talmeinafræðinga.
------------------	--

<b>Mönnun</b>	Talmeinafræðingum er heimilt að ráða til sín starfsfólk til aðstoðar. Talmeinafræðingur ber ábyrgð á því að aðstoðarfólk og kandidatar sem starfa undir hans stjórn hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar og tilsögn til að inna af hendi störf sem hann felur þeim sbr. reglugerð nr. 1125/2012, 7.gr. Aðstoðarfólk og kandidatar gangast undir sömu kröfur og talmeinafræðingar um umgengni við skjólstæðinga og skulu gæta sama trúnaðar.
---------------	--

<b>Húsnæði</b>	Talmeinafræðingar skulu hafa aðgang að góðri aðstöðu fyrir viðtöl við notendur þjónustunnar sem uppfyllir skilyrði um trúnað. Biðstofa skal vera fyrir hendi. Einnig er skylt að hafa salernisaðstöðu. Æskilegt er að aðgengi fyrir fatlaða sé tryggt.
----------------	--

<b>Búnaður og tækjakostur</b>	Talmeinafræðingar skulu hafa skrifborðaaðstöðu, síma og aðstöðu fyrir skjólstæðinga og aðstandendur. Einnig þarf að vera fyrir hendi læst geymsla fyrir sjúkraskrárgögn og önnur gögn með persónulegum upplýsingum. Ef notuð er tölva til skráningar og bókhalds skal vinnusvæðið (vinnslusvæðið) vera varið gagnvart óviðkomandi.
-------------------------------	--

<b>Gæðavísar</b>	<p>Mikilvægt er að talmeinafræðingar hugi að gæðum þjónustunnar sem þeir veita og hafi leiðir til að meta þau.</p> <p>Embætti landlæknis mun vinna með talmeinafræðingum að því að velja gæðavísa sem endurspeglar helstu áherslur í þjónustunni. Það gæti falið í sér þjónustukannanir eða aðrar mælingar á t.d. aðgengi, biðtíma eftir þjónustu, upplýsingagjöf, ráðgjöf til umhverfis, samfellu í meðferð og yfirfærslu í daglegt líf.</p>
------------------	---

<b>Gildistími</b>	Samkomulag þetta gildir frá undirskrift landlæknis og verður endurskoðað eftir 5 ár en fyrr ef forsendur þess breytast skv. mati annars hvors aðilans.
-------------------	--

<b>Útgefið</b>	<i>Staður: Reykjavík</i>	<i>Dags. 24. ágúst 2015</i>
<i>Undirskrift landlæknis</i> <b>Birgir Jakobsson</b>	<i>Undirskrift fh.: Félags Talmeinafræðinga á Íslandi</i> <b>Þórunn Hanna Halldórsdóttir, formaður</b>	

*Þessar faglegu lágmarkskröfur eru gefnar út á rafrænu formi og birtar á vef Embættis landlæknis.*

*Þær eru unnar í samvinnu við Félag talmeinafræðinga á Íslandi.*